# Föstudagur 29. september



## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Gosi** (Pinocchio). Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir. Leikraddir Örn Árnason.
18.25 **Antilópan snýr aftur** (Return of the Antilope). Breskur myndaflokkur fyrir börn og unglinga um tvö börn og vini þeirra, hina smávöxnu putalinga. Þýðandi Sigurgeir Steingrímsson.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Yngismær (9)** (Sinha Moa). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.20 **Austurbæingar** (Eastenders). Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Þátttaka í sköpunarverkinu.** – Fyrsti hluti. Íslensk þáttaröð í þremur hlutum um sköpunar- og tjáningarþörfina og leiðir fólks til að finna henni farveg. Í fyrsta þættinum verður litið til elstu og yngstu kynslóðarinnar. Umsjón Kristín Á. Ólafsdóttir.
21.05 **Peter Strohm** (Peter Strohm). Þýskur sakamálamyndaflokkur með Klaus Löwitsch í titilhlutverki. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir.
21.50 **Reynslutíminn** (90 days). Kanadísk verðlaunamynd frá 1985. Leikstjóri Giles Walker. Aðalhlutverk Stefan Wodoslawsky, Christine Pak, Sam Grana og Fernanda Tavares. Í þessari gamanmynd segir frá tveimur ungum ævintýramönnum í leit að hinni fullkomnu konu. Annar er hið mesta kvennagull en hinn verður að beita brögðum til að ná árangri. Þýðandi Gunnar Þorsteinsson.
23.35 **Njósnari hennar hátignar** (Bond – James Bond). Bandarísk heimildarmynd um þær sextán Bond-myndir sem gerðar hafa verið. Saga þeirra er rakin og sýnd þróun í vopnabúnaði og tæknibrellum. Einnig er tónlist myndanna flutt og hinum ýmsu Bond-stúlkum bregður á skjáinn. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir.
0.25 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.05 **Ástþrungin leit.** Splendor in the Grass. Myndin fjallar um kærustupar sem á erfitt með að ráða fram úr hinum ýmsu vandamálum tilhugalífsins. Þau ákveða að leita ráða hjá foreldrum sínum en þá fyrst fara ástamálin verulega úr böndunum. Aðalhlutverk: Natalie Wood, Warren Beatty, Pat Hingle og Audrey Christie. Leikstjóri Elia Kazan.
17.05 **Santa Barbara.**
17.55 **Dvergurinn Davið.** Teiknimynd sem gerð er eftir bókinni Dvergar.
18.20 **Sumo-glíman.** Spennandi keppni, saga glímunnar og viðtöl við þessa óvenjulegu íþróttamenn.
18.45 **Heiti potturinn.** On the Live Side. Djass, blús og rokktónlist er það sem Heiti potturinn snýst um.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttaskýringaþáttur ásamt umfjöllun um þau málefni sem ofarlega eru á baugi.
20.30 **Geimálfurinn Alf.** Loðna hrekkjusvínið er óforbetranlegt.
21.00 **Sitt lítið af hverju.** A Bit of a Do. Breskur gamanmyndaflokkur. Annar þáttur. Aðalhlutverk: David Jason, Gwen Taylor, Nicola Pagett, Paul Chapman og Michael Jayston.
23.25 **Alfred Hitchcock.** Sakamálaþættir sem gerðir eru í anda þessa meistara hrollvekjunnar.
21.50 **Börn götunnar.** The Children of Times Square. Hinn fjórtán ára gamli Eric Roberts ákveður að hlaupast að heiman sökum ósættis við stjúpföður sinn. Móðir hans gerir örvæntingarfulla leit að syni sínum en fær litla samúð lögreglunnar. Aðalhlutverk: Howard E. Rollins, Joanna Cassidy, David Ackroyd og Larry B. Scott. Bönnuð börnum.
23.55 **Með hnúum og hnefum** Flesh and Fury. Þetta er áhrifarík mynd um ungan heyrnarlausan mann sem átt hefur erfitt uppdráttar og mætt litilli samúð fólks. Hann fer að stunda hnefaleika og verður brátt bestur í sinni grein. Aðalhlutverk: Tony Curtis, Jan Sterling og Mona Freeman.
1.20 **Hinsta ferð Dalton-klíkunnar.** The Last Ride of the Dalton Gang. Dalton-bræðurnir úr villta vestrinu voru aðstoðarmenn dómarans snöruglaða, Isaac Parker, en þeir uppgötvuðu að hrossaþjófnaður átti betur við þá. Aðalhlutverk: Jack Palance, Larry Wilcox, Dale Robertson og Bo Hopkins.
3.50 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Sigurður Helgi Guðmundsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Sólveigu Thorarensen. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Stígvélaði kötturinn. Kristín Helgadóttir les þýðingu Þorsteins frá Hamri. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Austurlandi. Umsjón: Haraldur Bjarnason.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Aldarbragur.** Lokaþáttur. Umsjón: Helga Guðrún Jónasdóttir. Lesari: Ólafur Haraldsson. (Einnig útvarpað kl. 21.00 næsta mánudag.)
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn.** Umsjón: Anna M. Sigurðardóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** Myndir af Fidelmann eftir Bernard Malamud. Ingunn Ásdísardóttir les þýðingu sína (9).
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt mánudags kl. 3.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Hvert stefnir íslenska velferðarríkið?** Fimmti og lokaþáttur um lífskjör á Íslandi. Umsjón: Einar Kristjánsson. (Endurtekinn þáttur frá miðvikudagskvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – létt grín og gaman. Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Tsjaikovskí og Liszt.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi aðfaranótt mánudags kl. 4.40.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Ragnheiður Gyða Jónsdóttir og Þorgeir Ólafsson.
20.00 **Litli barnatíminn:** Stígvélaði kötturinn. Kristín Helgadóttir les þýðingu Þorsteins frá Hamri. (Endurtekið frá morgni.)
20.15 **Blásaratónlist.**
21.00 **Sumarvaka.** a. Sögur frá Miklafljóti. Eyvindur Eiríksson segir frá sagnaþulastefnu í Kanada í júní í sumar og endursegir tvær sögur sem sagðar voru þar. b. Ólafur Þ. Jónsson syngur íslensk lög. Ólafur Vignir Albertsson leikur með á píanó. c. Hjálparkokkur á togaranum Jóni Ólafssyni 1942. Óskar Þórðarson flytur frásöguþátt. d. Ingveldur Hjaltested syngur lög eftir Pál Ísólfsson. Jónína Gísladóttir leikur með á píanó. Umsjón: Gunnar Stefánsson.
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Danslög.**
23.00 **Kvöldskuggar.** Þáttur í umsjá Jónasar Jónassonar.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## Rás 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið:** Vaknið til lífsins!. Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.03 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkíkki og leikur nýju lögin. Hagyrðingur dagsins rétt fyrir þrjú og Veiðihornið rétt fyrir fjögur.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Sigurður Þór Salvarsson, Guðrún Gunnarsdóttir, Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Arthúr Björgvin Bollason talar frá Bæjaralandi. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Í fjósinu.** Bandarískir sveitasöngvar.
21.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Síbyljan.** Sjóðheitt dúndurpopp beint í græjurnar. (Endurtekinn frá laugardegi.)
0.10 **Snúningur.** Óskar Páll Sveinsson ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
2.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

### NÆTURÚTVARP

2.00 **Fréttir.**
2.05 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Endurtekið frá mánudagskvöldi.)
3.00 **Næturrokk.** Fréttir kl. 4.00.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.35 **Næturnótur.**
5.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
5.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
6.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
6.01 **Á frívaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. (Endurtekinn þáttur frá mánudegi á Rás 1.)
7.00 **Morgunpopp.** Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10-8.30 og 18.03-19.00. Svæðisútvarp Austurlands kl. 18.03-19.00.



## Bylgjan 98.9

7.00 **Páll Þorsteinsson.** Stírurnar þurrkaðar úr augunum og gluggað í landsmálablöðin og gömlu slagararnir spilaðir.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Lætur daginn líða fljótt með góðri tónlist, það er nú einu sinni föstudagur í dag.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Tónlist, afmæliskveðjur og óskalög.
19.00 **Hafþór Freyr Sigmundsson.** Kominn í dansdressið og hitar upp fyrir kvöldið.
20.00 **Íslenski listinn.** Stjórnandi: Pétur Steinn Guðmundsson.
22.00 **Haraldur Gíslason.** Óskalög og kveðjur í síma 61-11-11.
3.00 **Næturvakt Bylgjunnar.**

**Fréttir á Bylgjunni kl. 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 18.**

## ÚTRÁS FM 104,8

16.00 **Kvennó.**
18.00 **MH.**
20.00 **FG.**
22.00 **MR.**
24.00 **Næturvakt í umsjón Kvennó.** Óskalög & kveðjur, sími 680288.
4.00 **Dagskrárlok.**

## EFF EMM 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Anna Þorláks.**
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.**
1.00 **Sigurður Ragnarsson.**
3.00 **Nökkvi Svavarsson.**

## Rót ÚTVARP FM 106.8

9.00 **Rótartónar.** Leikin tónlist eftir íslensk tónskáld og með íslenskum hljóðfæraleikurum, kórum og einsöngvurum.
14.00 **Tvö til fimm** með Friðrik K. Jónssyni. 17.00 **Geðsveiflan.** Tónlistarþáttur í umsjón Alfreðs J. Afreðssonar. 19.00 **Raunir.** Tónlistarþáttur í umsjá Reynis Smára.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjá Gullu.
21.00 **Gott bít.** Tónlistarþáttur í umsjá Kidda kanínu og Atóm-Geira.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt.**



## SKY One

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaefni.
7.30 **The Panel Pot Pourri.** Skemmti- og leikjaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.
11.55 **General Hospital.**
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **Young Doctors.** Framhaldsþáttur.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
17.00 **The New Price is Right.** Getraunaleikur.
17.30 **Sale of the Century.** Getraunaleikur.
18.00 **Black Sheep Squadron.** Spennuflokkur.
19.00 **Riptide.** Spennumyndaflokkur.
20.00 **Hunter.** Spennumyndaflokkur.
21.00 **All American Wrestling.**
22.00 **Fréttir.**
22.30 **The Deadly Earnes Horror Show.** Hryllingsmynd.
24.00 **Poppþáttur.**

## SKY MOVIES

13.00 **Young People.**
14.25 **The Ugly Duckling.**
15.00 **Who Has Seen the Wind.**
16.40 **All About Eve.**
19.00 **Anna.**
21.00 **She's Gotta Have It.**
22.30 **Hamburger Hill.**
00.30 **The Hitchhiker.**
01.00 **The Curse of the Swamp Creature.**
03.00 **She's Gotta Have It.**

## EUROSPORT

9.00 **Blak.** Evrópumeistarakeppnin í Svíþjóð.
10.00 **Trans World Sport.** Fréttatengdur íþróttaþáttur.
10.30 **Surfer Magazine.** Þáttur um brimbrettaíþrótt.
11.00 **Ástralski fótboltinn.**
13.00 **Blak.** Evrópumeistarakeppnin í Svíþjóð.
14.00 **Hjólreiðar.** The Nissan Classic á Írlandi.
15.00 **Indy Car World Series.** Kappakstur í Bandaríkjunum.
16.00 **Ástralski fótboltinn.**
17.00 **Hafnarbolti.** Keppni atvinnumanna í Bandaríkjunum.
18.00 **Blak.** Evrópumeistarakeppnin í Svíþjóð.
19.00 **Golf.** The Dunhill Cup. Frá úrslitakeppninni í fyrra.
20.00 **Körfubolti. Evrópskur körfubolti.**
21.00 **Fótbolti. Evrópukeppnin.**
22.00 **Hjólreiðar.** The Nissan Classic á Írlandi.
23.00 **Blak.** Evrópumeistarakeppnin í Svíþjóð.

## SUPER CHANNEL

14.30 **Off the Wall.** Poppþáttur.
14.30 **On the Air.** Skemmtiþáttur.
15.30 **The Global Chart Show.** Tónlistarþáttur.
18.30 **The Lloyd Bridges Show.**
19.00 **Ferðaþáttur.**
19.25 **Hollywood Insider.**
19.50 **Transmission.**
20.50 **Fréttir og veður.**
21.00 **Poppþáttur.**
22.00 **Tónleikar.**
23.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**



**Fernanda Tavares og Daisy de Bellefeuille í hlutverkum sínum í Reynslutímanum.**

### Sjónvarp kl. 21.50:

# Reynslutíminn

Reynslutíminn (90 Days) er kanadísk kvikmynd frá 1985 sem vakið hefur mikla athygli hvar sem hún hefur verið sýnd. Hún hefur verið sýnd á ýmsum kvikmyndahátíðum og fékk fyrstu verðlaun á kvikmyndahátíðinni í Havana.

Reynslutíminn fjallar um tvo vini og kvennamál þeirra. Alex er myndarlegur og fullur sjálfstrausts og veit að kvenfólkið fellur fyrir honum. Það kemur honum samt á óvart þegar eiginkonan og hjákonan yfirgefa hann sama daginn. Af tilviljun hittir hann Lauru og kolfellur fyrir henni og nú snúast spilin við því það er Laura sem ræður ferðinni.

Blue er andstæða Alex. Hann er feiminn og óframfærinn og hefur ekki haft samband við kvenmann nema í gegnum bréfaklúbb. Þegar myndin hefst á hann von á stúlku frá Kóreu og hafa þau 90 daga til að átta sig á því hvort þau eigi að stofna til varanlegs sambands.

Leikstjóri er Gilles Walker en vinirnir tveir eru leiknir af Sam Grana og Stefan Wadoslawsky. -HK

### Stöð 2 kl. 21.50:

# Börn götunnar

Börn götunnar (The Children of Times Square) fjallar um fjórtán ára dreng, Eric, sem strýkur að heiman vegna þess að hann þolir ekki stjúpföður sinn. Hann heldur til New York þar sem hann hverfur fljótt í hinni miklu mannþröng sem einkennir Manhattan. Í fyrstu er hann heillaður af stórborginni og frelsinu en finnur fljótt að hann er ekki tilbúinn að takast á við hið harða líf á götum stórborgarinnar. Hann hittir annan dreng sem hefur farið að heiman af öðrum ástæðum, sá þekkir betur til borgarinnar. Vegna tilviljana verða þeir fljótt meðlimir í glæpaflokki sem selur kókaín á götunum....

Börn götunnar er gerð fyrir sjónvarp og að mörgu leyti ætlað að sýna fram á hversu auðveld bráð strokubörn eru fyrir harðsvíraða glæpamenn. Aðalhlutverkið, Eric, leikur Brandon Douglas, Howard E. Rollins leikur glæpaforingjann Otis (sjónvarpáhorfendur þekkja Rollins úr þáttaröðinni Í hita næturinnar) og Joanna Cassidy leikur móður Erics.

-HK



**Steingrímur St. Th. Sigurðsson.**

### Rás 1 kl. 23.00:

# Kvöldskuggar

Þátturinn kvöldskuggar hefur undanfarið verið á föstudagskvöldum. Jónas Jónasson hefur séð um þáttinn en hann er í samræðuformi. Jónas fær til sín gest og spjalla þeir yfirleitt saman um lífsferil gestsins. Jónas er góður útvarpsmaður og hafa þessir þættir hans vakið verðskuldaða athygli. Í kvöld verður gestur hans lífskúnstnerinn Steingrímur St. Th. Sigurðsson. Segir hann meðal annars frá æsku sinni, lífshlaupi og leitinni að Guði. Steingrímur gaf út og ritstýrði menningartímaritinu Lífi og list. Hann hefur haldið fjölda myndlistarsýninga og skrifað mikið. -HK